

Akraneskaupstaður
Anna Þóra Gísladóttir
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 31. mars 2023
UST202303-330/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Höfðasel – Iðnaðarsvæði - Akraneskaupsstaður

Vísað er til erindis verkefnastjóra hjá skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar er barst 29. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Höfðasel á Akranesi.

Í greinargerð kemur fram að Höfðasel er iðnaðarsvæði austan þjóðvegjar nyrst í bæjarlandi Akraness. Á svæðinu eru nú nokkur fyrirtæki með fyrirferðarmikinn rekstur á stórum lóðum s.s. steypustöð/einingaverksmiðja, hópferðabílar, endurvinnslustöð og verktakafyrirtæki. Svæðið er tvískipt en á milli þeirra eru gömlu öskuhaugar Akurnesinga sem búið er að græða upp. Nýtt deiliskipulag mun byggjast að hluta á gamla deiliskipulaginu og þeim breytingum sem á því hafa verið gerðar.

Markmið

Iðnaðarsvæðið sem er hér til umfjöllunar liggur í jaðri friðlands, mikilvægs fuglasvæðis og útivistarsvæðis og því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að markmið deiliskipulagsins séu á þá leið að tillagan raski ekki né rýri verndargildi svæðanna. Auk þess er mikilvægt að settir séu skýrir skilmálar í tillögurnar þar að lútandi.

Blautós og Innstavogsnes

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framtíðar uppbygging í sveitarfélaginu valdi ekki álagi á friðlandið og rýri ekki verndargildi þess.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlandsins geti á einhvern hátt haft áhrif á það. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan Blautóss er skilgreint mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti NÍ, en svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður fyrir margæsir. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í

áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Mengaður jarðvegur

Í greinargerð kemur fram að á iðnaðarsvæði við Höfðasel (I -316) þar sem eru gamlir aflagðir öskuhaugar er hugsanlega mengaður jarðvegur. Auk þess segir að á miðhluta svæðisins eru uppgreiddir gamlir öskuhaugar, þar sem jarðvegur þar hefur verið kannaður með borun rannsóknarhola.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skal heilbrigðisnefnd gera frummat á aðstæðum ef á svæðinu er mögulega mengaður jarðvegur. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 12. gr. reglugerðarinnar hefur stofnunin komið á fót gagnagrunni yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Þennan gagnagrunn er hægt að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Þar eru upplýsingar skráðar um menguð svæði og svæði þar sem grunur leikur á um mengun. Vinnu við skráningu mengaðra svæða er þó ekki lokið og gert er ráð fyrir að hún muni standa yfir næstu árin. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags.

Því þarf að mati Umhverfisstofnunar að fjalla ýtarlega um niðurstöður mælinga vegna borunar og setja skilmála um landnotkun á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að menguð svæði og svæði sem grunur er um mengun séu skilgreind sem varúðarsvæði í skipulagi í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir ef tillagan gerir ráð fyrir starfsemi sem er starfsleyfisskyldur hjá stofnuninni er mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Stofnunin bendir jafnframt á að hreinsunaraðgerðir á menguðum svæðum eru skv. 19. tl. IV. viðauka reglugerðar nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðisnefnd.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur